

Fundargerð aðalfundar Kviku banka hf.

Miðvikudaginn 21. apríl 2021, kl. 16:00, var aðalfundur Kviku banka hf. („bankinn“ eða „félagið“) haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, 2. hæð, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Fundarsetning og skipun fundarstjóra

Stjórnarformaður bankans, Sigurður Hannesson, setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Stjórnarformaður lagði til að Halldór Karl Halldórsson lögmaður myndi gegna hlutverki fundarstjóra. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Lilja Jensen yfirlögfræðingur bankans yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Boðun fundar og tilskilinn meirihluti

Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 58,95% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög um hlutafélög nr. 2/1995 („hfl.“) og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti.

Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmetan og bærán til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá fundarins voru.

Atkvæðagreiðsla - Lumi AGM

Fundarstjóri fór yfir það að í samræmi við 80. gr. a hfl. og 3.8 gr. samþykktu félagsins jafngildi rafræn þátttaka fullgildri þátttöku á fundinum. Hægt væri að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geti kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi.

Hluthöfum var bent á að skrá inn auðkenni fundarins (*Enter Meeting ID: 106-788-122*). Því næst að skrá sig inn með notendanafni (*Username*) og lykilorði (*Password*). Þá var greint frá því að atkvæðagreiðsla á fundinum færi alfarið fram í gegnum Lumi AGM og var farið nánar yfir tilhögun atkvæðagreiðslu. Fram kom að hægt væri að greiða atkvæði í 30 sekúndur eftir að tillaga hafi verið borin upp á fundinum og að hægt væri að breyta atkvæðinu allt til loka þess frests. Atkvæði hluthafa eins og þau standa við lok frests til atkvæðagreiðslu myndar afstöðu þeirra til viðkomandi tillögu.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu
3. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf
4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
5. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
6. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins
7. Kosning endurskoðenda félagsins
8. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
9. Önnur mál löglega fram borin

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár

Sigurður Hannesson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það markverðasta sem gerðist hjá félaginu á árinu 2020. Þá fór hann yfir helstu störf stjórnar á árinu og þær tillögur stjórnar sem lágu fyrir aðalfundinum.

2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu

Marínó Örn Tryggvason, forstjóri félagsins, fór yfir kynningu á afkomu félagsins á árinu 2020 og stöðu bankans í dag. Kynningin var birt opinberlega fyrir fundinn.

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Lagt er til að ársreikningur ársins 2020 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2021 og að hagnaður ársins 2020 leggist við eigið fé félagsins.“

Fundarstjóri varpaði tillögunni upp á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

3. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Aðalfundur Kviku banka hf. haldinn 21. apríl 2021 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 5% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða ii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 5% af hlutafé félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2022.“

Fundarstjóri varpaði tillögunni upp á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a hfl. og var lagt til að hún yrði samþykkt. Þá lá fyrir fundinum skýrsla stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu á árinu 2020.

Var vísað til þessara gagna ásamt greinargerð með tillögu stjórnar, sem jafnframt lá fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf í kjölfarið orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar því næst tillögu um starfskjarastefnu undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

5. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um sex breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri varpaði eftirfarandi tillögum um breytingar upp á skjá til yfirferðar:

(i) Rafræn eignarskráning

Vegna lagabreytinga er lögð til breyting á tilvísun í lög varðandi rafræna eignarskráningu á hlutum í félaginu, þannig að gr. 2.5. í samþykktum félagsins verði svohljóðandi:

„Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

(ii) Boðun hluthafafunda

Í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 er lagt til að breyta ákvæði í samþykktum félagsins um boðun hluthafafunda þannig að það samræmist ákvæðum laganna um félög sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Er því lagt til að gr. 3.5. í samþykktunum verði framvegis svohljóðandi:

„Til hluthafafunda skal boðað með rafrænum hætti til að tryggja skjótan aðgang að upplýsingum á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu.“

Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjórum vikum fyrir fund.

Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins, sbr. einnig gr. 3.10.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

(iii) Rafrænir hluthafafundir

Lagt er til að bæta við heimild til þess að hluthafafundir verði aðeins haldnir rafrænt, sbr. 2. mgr. 80. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995. Við samþykktir félagsins bætist nýtt ákvæði 3.10 sem er svohljóðandi:

„Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutafélagalaga. Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafar þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem átt

geta við. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti að einhverju eða öllu leyti, skal innslegið aðgangsorð í hinn tilgreinda fjarskiptabúnað jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og telst það staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

(iv) Niðurfelling heimildar til hækkunar hlutafjár í B lið bráðabirgðaákvæðis I

Stjórn leggur til að heimild til hlutafjár aukningar í B lið bráðabirgðaákvæðis I við samþykktir félagsins verði felld út úr samþykktunum.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

(v) Framlenging heimildar stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda

Lagt er til að ónýtt heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í samþykktum félagsins verði, ásamt samsvarandi heimild til hlutafjárhækkunar, framlengd til eins árs.

Fundarstjóri upplýsti hluthafa um að hluthafinn Gildi-lífeyrissjóður hafi fyrir fundinn óskað eftir því gert yrði grein fyrir eftirfarandi afstöðu hluthafans áður en gengið yrði til atkvæða um tillöguna og afstaðan jafnframt færð til bókar. Las fundarstjóri eftirfarandi bókun hluthafans upp:

„Dagskrárliður 5 – Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins er varða heimild til útgáfu áskriftarréttinda.

Meðal tillagna um breytingar á samþykktum félagsins má finna undir lið (v) í framlögðum tillögum stjórnar tillögu um framlengingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda. Samkvæmt tillögunni yrði stjórn veitt heimild til þess að gefa út áskriftarréttindi sem ná til allt að 54.000.000 nýrra hluta fram til aðalfundar 2022. Stjórn ákveði hverjir fái rétt til áskriftar að þessum réttindum án forgangsréttar hluthafa og ákveði jafnframt nánari skilmála þessara réttinda. Í framkvæmd hafa réttindi á grundvelli eldri sambærilegra heimilda verið seld til starfsmanna félagsins án þess að áskilnaður sé þó um það í tillögunni.

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að heimildir sem hluthafafundur veitir stjórn félags, s.s. um útgáfu áskriftarréttinda, séu vel rökstuddar með tilliti til tilgangs, þær séu afmarkaðar og ekki umfangsmeiri en þörf er á miðað við aðstæður hverju sinni. Í fyrirliggjandi tillögu kemur ekki fram rökstuðningur fyrir þörf eða tilgangi heimildarinnar, t.d. þannig að tillagan sé sett í samhengi við markmið um hlutafjäreign starfsmanna. Þá skortir jafnframt viðmiðunarreglur um úthlutun ef markmiðið er að selja réttindi af þessu tagi til starfsmanna félagsins og hvernig gætt sé að því að ekki sé hvatt til of mikillar áhættutöku. Réttindi af þessu tagi, sem sérstaklega eru gefin út fyrir starfsmenn, eru að mati sjóðsins nátengd framkvæmd á starfskjarastefnu félagsins og rétt að fjalla um þau með það heildarsamhengi í huga.

Gildi-lífeyrissjóður mun af þessum sökum greiða atkvæði gegn fyrirliggjandi tillögu um samþykktarbreytingu er að þessu snýr.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa.

Samþykkir tillögunni voru hluthafar sem samtals fara með 91,74% atkvæða á fundinum. Andvígir tillögunni voru hluthafar sem samtals fara með 8,26% atkvæða á fundinum.

Úrskurðaði fundarstjóri að tillagan væri samþykkt með tilskildum meirihluta.

(vi) Heimild til hlutafjáraukningar til þess að uppfylla skyldur samkvæmt almennri kaupréttaráætlun

Í samræmi við tillögu um breytingar á starfskjarastefnu, sbr. dagskrárlið 4, er lagt til að stjórn verði veitt heimild til þess að hækka hlutfé til þess að uppfylla skyldur félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem kunna að vera gerðir á grundvelli kaupréttaráætlunar. Við samþykktir félagsins bætist því nýtt bráðabirgðaákvæði V sem verði svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í áföngum um allt að kr. 70.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins sem staðfest hefur verið af Skattinum í samræmi við 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Heimildin gildir til 31. desember 2024, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykktu kaupréttaráætlun félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

6. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Eftirtaldir einstaklingar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn félagsins:

- Guðjón Reynisson, kt. 131163-3209
- Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259
- Helga Kristín Auðunsdóttir, kt. 020880-5389
- Kristín Friðgeirsdóttir, kt. 090871-5369
- Sigurður Hannesson, kt. 280780-3329

Eftirtaldir einstaklingar gáfu kost á sér til setu í varastjórn félagsins:

- Inga Björg Hjaltadóttir, kt. 100270-5289
- Sigurgeir Guðlaugsson, kt. 290876-3709

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrests, væru þau Guðjón Reynisson, Guðmundur Örn Þórðarson, Helga Kristín Auðunsdóttir, Kristín Friðgeirsdóttir og Sigurður Hannesson rétt kjörin í aðalstjórn félagsins, og þau Inga Björg Hjaltadóttir og Sigurgeir Guðlaugsson rétt kjörin í varastjórn félagsins til næsta aðalfundar félagsins.

7. Kosning endurskoðenda félagsins

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2021.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

8. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Lagt er til að þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 455.000,- á mánuði („mánaðarleg stjórnarþóknun“) og þóknun stjórnarformanns verði tvöföld mánaðarleg stjórnarþóknun. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund umfram 15 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins.“

Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði helmingur mánaðarlegrar stjórnarþóknunar fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærra en mánaðarleg stjórnarþóknun innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema mánaðarlegri stjórnarþóknun á ári.

Loks er lagt til að nefndarmenn undirnefnda stjórnar fái 45% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði og nefndarformenn 55% af mánaðarlegri stjórnarþóknun.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

9. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Sigurður Hannesson, stjórnarformaður, kom aftur í pontu og þakkaði hluthöfum fyrir áhuga á félaginu og starfsmönnum fyrir sitt framlag í þágu félagsins. Sérstakar þakkir færði Sigurður forstjóra félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Bauð Sigurður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og þakkaði öðrum stjórnarmönnum fyrir samstarfið á árinu. Fráfarandi stjórnarmönnum var þakkað sérstaklega fyrir sín störf og framlag í þágu félagsins.

Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs.

FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT

Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð fundarins. Fundargerðin verður birt á heimasíðu félagsins en jafnframt verður hún aðgengileg á skrifstofu félagsins. Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:02.

Til staðfestingar á ofangreindu er fundargerðin undirrituð af fundarstjóra og fundarritara rafrænt. Rafræn undirritun jafngildir skriflegri undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Halldór Karl Halldórsson, fundarstjóri

Lilja Jensen, fundarritari

[Undirritunarsíða fylgir]

Undirritunarsíða

Lilja Rut Jensen

Halldór Karl Halldórsson